

Minnisblað

Móttakandi: Bæjarstjórn
Dags: 10.12.2024
Málefni: Mat á fjárhagslegum áhrifum af launahækkun kjörinna fulltrúa
Höfundur: Sigurjón Andrésson bæjarstjóri

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur á síðustu árum unnið að úrbótatillögum til að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda á sviði sveitarstjórnarmála og er ætlað að sporna gegn óvenju mikilli endurnýjun kjörinna fulltrúa, með tilheyrandi áhrifum á sveitarstjórnir. Ein af lykilástæðum þess að mikil endurnýjun er á meðal kjörinna fulltrúa er að erfitt getur reynst að samþætta störf sín í bæjarstjórn við annað launað starf.

Ein af aðgerðunum sem sambandið hefur lagt til er viðmiðunartafla um laun kjörinna fulltrúa. Markmiðið með slíkri töflu er að tryggja að kjörnir fulltrúar hljóti laun í samræmi við álag og vinnustundir á mánuði og auðvelda þeim að minnka við sig í öðrum störfum til að sinna sveitarstjórn.

Samkvæmt viðmiðunartöflu sambandsins er lagt upp með að sveitarfélög með íbúa á bilinu 1501-3000 íbúa greiði sveitarstjórnarfulltrúum á bilinu 11,67% - 16,6% af þingfararkaupi. Bæjarstjóri leggur því fram endurskoðaða samþykkt um samþykkt kjörinna fulltrúa út frá þessum viðmiðum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Launaliður	Samtals
132 Bæjarstjórnarlaun	1,829,699
134 Bæjarráð	1,155,599
9020 Lsj. mótframlag almennur	343,307
9175 Starfsendurhæfingisjóður	2,984
9500 Tryggingagjald	211,370
Samtals á ársgrundvelli	3,542,959
Hækkun	5%
Samtals hækkun á mánuði í kr.	177,148
Samtals hækkun á ári í kr.	2,125,775

Gert hefur verið ráð fyrir þessu í launaáætlun ársins 2025.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri.